



# Almenningssamgöngur - raunhæfur kostur um allt land ?

**Stuð í Strætó!** Reykjavík 20. mars 2013

Hreinn Haraldsson  
vegamálastjóri

Undir ríkisstyrktar almenningssamgöngur falla:

- Almenningssamgöngur á vegakerfinu
- styrktur ferjurekstur
- styrkt áætlunarflug

Hér verður eingöngu fjallað um samgöngur á landi

# Nýjar áherslur – efling almenningsgangna



- Stjórnarsáttmáli 2009:
  - Vinna á áætlun um sjálfbærar samgöngur í samvinnu við sveitarfélögin með það að markmiði að draga úr þörf fyrir einkabílinn. Almenningsgangur um land allt stórefldar og fólki auðveldað að komast leiðar sinnar gangandi eða á reiðhjóli.
  - Almenningsgangur verði sjálfsgöður hluti samgönguáætlunar.
- Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2010:
  - Ein af lykilaðgerðum: Efling göngu, hjólreiða og almenningsgangna sem valkosts í samgöngum

# Nýjar áherslur – efling almenningssamgangna



- Ferðavenjukönnun 2010:
  - Viðhorfsbreyting til æskilegra framkvæmda á höfuðborgarsvæðinu kom fram í könnun 2010 miðað við könnun frá 2008. Mun fleiri vildu bæta almenningssamgöngur, minnka umferð einkabíla og bæta göngu- og hjólastíga.
- Möguleg viðbrögð stjórnvalda vegna hækkandi olíuverðs (2011)
  - Efling almenningssamgangna efst á blaði yfir tillögur sem nauðsynlegt er að skoða frekar að mati starfshóps fjármálaráðherra.

# Almenningssamgöngur í samgönguáætlun 2011-2022



Gerður er greinarmunur á **almenningssamgöngum innan þéttbýlis** sem ríkið hafði ekki styrkt með beinum hætti og **almenningssamgöngum milli þéttbýlisstaða** sem ríkið hefur styrkt nokkuð lengi.

- Almenningsamgöngur innan stærri þéttbýlisstaða:
  - Grunnþjónusta og fjöldaflutningar á fólki.
  - Meginmarkmið með eflingu þeirra eru umhverfislegs og hagræns eðlis þó aukinn hreyfanleiki fólks sé einnig markmiðið.

# Almenningssamgöngur í samgönguáætlun 2011-2022



- **Almenningssamgöngur milli þéttbýlisstaða:**
  - Grunnþjónusta, ekki endilega fjöldaflutningar.
  - Meginmarkmið með eflingu þeirra er að stuðla að hreyfanleika fólks, bæta aðgengi að atvinnu og þjónustu og draga úr þörf fyrir einkabíl.
  - Skila ekki endilega umhverfislegum og hagrænum ávinningi.

# Stefnumótun í 12 ára samgönguáætlun 2011-2022



## Staðan fyrir breytingar:

- Á 26 sérleiðum voru farþegar færri en þrír í hverri ferð og færri en 1 á 10 leiðum. Staðan var sú að ákveða þurfti hvort einfaldlega ætti að hætta þessum styrkjum, eða reyna nýjar leiðir.
- Tilraunasamningar við sveitarfélög höfðu gengið vel. Við Akranes frá 2006 og Árborg og Hveragerði frá 2009.
- Farþegum hafði fjölgað umtalsvert.
- Ákveðið að stefna á slíka leið, en miða við samninga við landshlutasamtök en ekki einstök sveitarfélög.

# Stefnumótun í 12 ára samgönguáætlun 2011 - 2022



## Stefnan

- Efla á almenningssamgöngur í landinu, milli þéttbýlisstaða og innan þéttbýlis... Landshlutasamtök sveitarfélaga taki yfir almenningssamgöngur á landi sem hingað til hafa verið ríkisstyrktar.

Allt fjármagn frá ríkinu vegna sérleyfa, einkaleyfa og skólaaksturs í hverjum landshluta verði sameinað.

Þannig verði þjónusta færð að þörfum og almenningssamgöngur milli þéttbýlisstaða í hverjum landshluta efldar með grenndarstjórnsýslu og bættri nýtingu fjármagns.

- Yfirfærslu almenningssamgangna á landi frá ríki til landshlutasamtaka sveitarfélaga verði að fullu lokið fyrir árið 2013.




# Framfylgd stefnu



- Vegagerðin hóf strax á árinu 2011 viðræður við landshlutasamtök sveitarfélaga um að þau tækju að sér almenningssamgöngur á sínu svæði.
- Boðnir þeir fjármunir sem þegar var ráðstafað af ríkisins hálfu til sérleyfa á þeirra svæði.
- Samningar við öll svæði nema Vestfirði voru gerðir árið 2011 og tóku gildi 1. janúar 2012.
- Ný leiðakerfi liggja nú fyrir hjá þeim flestum.
- Samningur við Fjórðungssamband Vestfjarða var gerður á árinu 2012.
- Yfirfærslu frá ríki til landshlutasamtaka sveitarfélaga lauk því ári fyrr en stefnt var að í samgönguáætlun.

# Strætó úti á landi



**Vantar margar leiðir.  
Vantar heildstætt kort  
og tímatöflur yfir landið**

# Efling almenningsgangna á höfuðborgarsvæðinu



## Samningur Vegagerðarinnar og SSH 7. maí 2012

- **Tilraunaverkefni** um eflingu almenningsgangna.
- Sérstakt framlag ríkissjóðs, af stærðargráðunni 900 milljónir króna árlega í 10 ár, (hluti af kolefnisgjaldi)
- Sveitarfélögin skuldbinda sig til að draga ekki úr sínu framlagi.
- Sérstakar stuðningsaðgerðir til að tryggja sem best að markmið samningsaðila nái fram.
- Sátt um frestun stórra vegaf framkvæmda á höfuðborgarsvæðinu á samningstímanum

# Markmið og tilgangur



- **Markmið:** a.m.k. tvöföldun á hlutdeild almennings-  
samgangna í öllum ferðum sem farnar eru á höfuðborgar-  
svæðinu á tímabilinu
- Minnkun útblásturs
- Frestun á fjárfrekum framkvæmdum í samgöngumannvirkjum
- Lækkun á kostnaði samfélagsins vegna umferðar og  
umferðarslysa
- Aukið umferðaröryggi

**Reglubundnar árangursmælingar og viðbrögð við  
niðurstöðum er tilskilið í samningnum**

# Áhrifasvæði höfuðborgarsvæðisins



Ákveðið var að grunnet almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu sem ríkið styrkir skv. framangreindum samningi innihaldi einnig megintengingar við stærstu kjarna á áhrifasvæði höfuðborgarsvæðisins:

- Reykjanesbær
- Selfoss/Hveragerði
- Akranes/Borgarnes

Viðbótar fjármagn vegna þessara tenginga er um 87 m.kr. á ári.

# Almenningssamgöngur í dreifbýli – staðan nú



- Afnám sérleyfa. **Lokið**
- Gera samninga við landshlutasamtök sveitarfélaga með það að markmiði að þau taki að sér almenningssamgöngur á sínu svæði. **Lokið**
- Færa þjónustu að þörfum og gera aðilum í greininni kleift að nýta til þess samgöngutæki af hæfilegri stærð. **Áfram í vinnslu**
- Þjónustuborð
  - Upplýsingar um ferðaáætlanir og gjaldskrá á rafrænu formi og símleiðis. **Í vinnslu**
  - Hægt að kaupa miða “alla leið”. **Í vinnslu**
  - Samningur um tilraunaverkefni um þessa þætti liggur fyrir og er því komið í farveg.

# Almenningssamgöngur í dreifbýli – staðan nú




- Samræming eða samhæfing þjónustu og fjárveitinga frá ríki og sveitarfélögum til aksturs í dreifbýli, svo sem aksturs með skólabörn, framhaldsskólanema, aldraða og fatlaða auk áætlanafærða. Held að ekki sé mikið farið að vinna í þessu nema þá etv. á Suðurlandi.

# Raunhæfur kostur um allt land ?




- Er raunhæft að almenningssamgöngur sem samtök sveitarfélaga taka að sér með styrkjum frá ríkinu nái til Hringvegarins og af honum til þéttbýlisstaða með tiltekinn íbúafjölda, t.d. á næstu 10 árum ?
  - Hringvegur og tenging 500 manna byggðakjarna ?
  - „ 200 „ „ ?
  - Allt stofnvegakerfið ?






**Hringvegur og tenging  
til þéttbýlisstaða með  
500 íbúum og fleiri**



**Hringvegur og tenging  
til þéttbýlisstaða með  
200 íbúum og fleiri**



**Stofnvegir**

# Almenningssamgöngur – raunhæfur kostur um allt land?



Að sumu leyti er þetta raunhæfur kostur þegar í dag. Hversu raunhæft það verður að þær nái til flestra byggðalaga með einhverri lágmarks tíðni byggir m.a. á því:

- Hver er þörfin, hvernig verður eftirspurnin? Fjöldi farþega hefur þegar aukist umtalsvert á flestum eða öllum leiðum.
- Hvert verður fjármagnið til að styrkja þessar samgöngur?

Takk fyrir

24.03.2011

